

Mánudaginn 20. febrúar 1950.

Kærumálið nr. 2/1950.

Jóhannes Björnsson

gegn

Ólinu Steindórsdóttur

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um vitnaskyldu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru dags. 27. janúar s.l., er Hæstarétti barst 4. þ. m., hefur vitnið Jóhannes Björnsson læknið kært samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 19. janúar s. l., í máli varnaraðilja gegn Kristínu Ingvarsdóttur, en með úrskurði þessum er varnaraðilja gert skylt að svara tiltekinni spurningu. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði þessum verði hrundið og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. jan. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Ólína Steindórsdóttir Grettisgötu 31 A, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. sept. s. l. gegn Kristínu Ingvarsdóttur, Egilsgötu 10, hér í bænum, til riftunar kaupmála stefndu og eiginmanns hennar, Steindórs Þorsteinssonar, dags. 23. des. 1948. Stefnandi er dóttir Steindórs Þorsteinssonar og hefur gert arfstilkall í dánarbú hans. Telur hún kaupmálann fela í sér raunverulega dánargjöf og missi hún því af réttmætum lög-
arfi eftir föður sinn, ef gildi hans verði eigi hnekk.

Hinn 11. þ. m. kom hér fyrir dóm sem vitni dr. med. Jóhannes Björnsson læknir, Hverfisgötu 117, hér í bænum. Vitnið hafði stundað Steindór Þorsteinsson í sjúkdómi þeim, er leiddi hann til bana. Gaf vitnið svar við þeirri spurningu, hvenær því hefði orðið ljóst, að sjúkdómur Steindórs var þess eðlis, að hann ætti skammt ólifað. Var sú spurning þá lögð fyrir vitnið, hvort það hefði gert Steindóri eða eiginkonu hans þetta ljóst og, ef svo væri, þá hvenær. Spurningu þessari neitaði vitnið að svara og bar því við, að sökum trúnaðarskyldu sinnar sem læknis væri honum óheimilt að svara þessu. Tók vitnið í því sambandi fram, að það teldi þagnarskyldu læknis eigi aðeins ná til samskipta læknis og sjúklings hans, heldur einnig til þess, sem færi milli læknis og nánustu aðstandenda sjúklings varðandi sjúklinginn.

Að kröfu umboðsmanns stefnanda var ágreiningurinn um skyldu vitnisins til að svara spurningunni tekinn til úrskurðar.

Af hálfu stefndu hafa hvorki komið fram kröfur né mótmæli varðandi atriði það, sem fyrir liggur til úrskurðar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 verður læknir eigi, nema sérstökum skilyrðum sé fullnægt, leiddur sem vitni í dómsmáli um þau einkamál, er hann kann að hafa komizt að sem læknir. Atriði það, sem vitnið hefur hér verið krafíð svars um, verður eigi talið til slíkra einkamála, þar sem það lítur einungis að því, hverjar upplýsingar vitnið hefur á sínum tíma gefið um vitneskju sína varðandi staðreyndir, sem nú eru kunnar. Þar eð aðrar réttarreglur verða eigi heldur taldar því til fyrirstöðu, að vitnið verði krafíð svars um framangreinda spurningu, og svar við henni þykir geta haft þýðingu um úrslit máls þessa, þer vitninu að svara spurningunni.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Jóhannesi Björnssyni er skylt að svara spurningunni undir tölulið 2 á dóm skjali nr. 8.